

Tb. Johnson
Watchmaker, Jeweler & Optician
Allar viðgerðir hjótt og vel af hendi
248 Main Street
Phone Main 6000 WINNIPEG, MAN.

Heimskringla.

Faís upplýsingar um
PEACE RIVER HERADID og DUNVEGAN
framtíðar húsabíll héraðsins
HALLDORSON REALTY CO
710 McIntyre Block
Phone Main 2844 WINNIPEG, MAN.

XXVIII. AR.

WINNIPEG, MANITOBA FIMTUDAGINN, 30. APRIL 1914.

Nr. 31

Fréttir.

Fréttir af Karluk.

Frá Fairbanks, B.C., kemur sú frétt 1. apríl, með breði frá Beaver, er sent var til útvegsmanns Sven Björnson, er rekur veiðir þar nyrðra, að Eskimóar hafi fundið litna björgunarbát, er tilheyð skipinu Karluk, í ísreka eitthvað 130 mílur vestur af Herschel eyju. Það er hér um bil 60 mílur vestar en þar sem skipið Polar Bear og nokkur hvalveiðiskip urðu ísföst síðastlið. Þau fundu þessi hefur vakið þá skoðun meðal hvalfangara og annara þar nyrðra, að Karluk hafi farið, og Bartlett kaptain og lið hans er til vill líka, eftir að það skildi við Vilhjálm Stefánsson í haust sem leið, einnig áður hefur verið skýrt frá.

Freimur um bréð komu til Fairbanks með póslutningamanni stjórnmanna frá norðan frá hvalfangarastöðinni Circle. Engar aðrar fréttir eru sagðar úr bréfinu, en ekki vita menn, hvort nokkrar þeir leyfar skipsins hafa fundist.

Mexikó.

Þar hefur á ömsu gengið síðastliða viku, síðan borgin Vera Cruz var tekið af sjó- og landher Bandaríkjanna þann 22. þ.m. Fyrsta fréttin, er barst af orrustunni, taldi mannfall litla á báðar hliðar, og sagt, að Mexíkó menn hefði gefið upp vörn sem næst ströf. Er þetta nú borið til baka með síðari fréttum. Skýrsla um orrustu er frá Fletcher aðmírali, yfirforing Bandaríkjanna sjóhóðsins þar á höfninni. Telur skýrslan, að á hlið Bandaríkjanna hafi 17 fallið en 75 særst. Engir þeirra særðu hafa enn dáið. Áttur var mannfall meira á hlið Mexíkó manna. Féllu þar 126, en 196 særðust. Þar í borginni er nú allt kyrt, sem stendur.

Ekki er þá tilgangur Bandaríkjanna, þó þeir tæku borgina, að serra Mexíkó þjóðinni stríð á hendur. Hæddur að koma fram álygðir á hendur Huerta sjálfum, fyrir sviðingur og móðgun þá, sem hann sýndi Bandaríkja þjóðinni með handtöku amerísku skipveranna á Tampico höfn 9. apríl, og sagt var frá á dögunum. Utlendum og innlendum skipum er ekki bönnuð lending á höfninni, engin tölmun sett neinni verzlun, leyfið öll uppskipun og framskipun á öllum, rétt einnig verið hefur. Það eitt er bannað, að flytja nokkur skorfi og vopn á land, og hefur Bandaríkjanna her haft gætur á því, og gjört upptækt það, sem þannig hefur átt að koma með launung í land.

Sendihera Bandaríkjanna, er sat í Mexíkó borg, Nelson O'Shaughnessy, hefur nú fært bústað sinn til Vera Cruz, til þess að vera við öllu búinu, ef í öfrið fer. Skömmu eftir að hann fór, barst sú frétt, að sendiherrasetrið hefði verið brennt, til kaldra kola af fylgis-mönnum Huerta.

Eftir að Vera Cruz féll, gjörði Huerta strax tilrætt til að semja frið við uppreistarforingjana Villa og Carranza, og fá þá í lið með sér móti Bandaríkjönnum, en tilraun sú mistókst. Neitaði Villa lífveizlu, en kvaðst mundi halda áfram, að reyna að vinna landið aftur undir "lög og rétt", nefnilega halda öfrið áfram, en Carranza kvaðst mundi hvorugum veita, Huerta eða Bandaríkjönnum. Hafa þeir nú báðir, Villa og Carranza, sent hermáladælið Bandaríkjönnum þau skýti, að þeir óski þeim sigurs í viðskiftinum við Huerta.

Þrátt fyrir það hefur Huerta engu fylgi tapað við það sem var, og er hann enn einvaldur í Mexíkó borg, og öllum þeim svæðum, er líta bráðabýrgðarstjórn hans. Er svo sagt, að vinnulegri hans hafi heldur aukist við það, að áttent vald hefur nú ráðist á landið. Sagt er, að meðal Indíána sé víðsjárl miklar og fylgi þeir eindregið Huerta.

John Lind samski, umboðamaður Wilsons forseta í Mexíkó, sem þekkir Huerta manna best allra, Bandaríkjanna, lýsir honum á þessa

leið: "Huerta er allra manna snjallastur, áttvæðastur, stórhug- aðastur og kærastur, þeirra sem í Mexíkó eru. En hann er kaldsinn- aður og grimmur einnig óarg- dýr".

Er það líklegu vafalítið, að hann á þessa lýsingu skilið.

Nú er það tilgangur Bandamanna, eftir því sem Congress hefur íst yfir, að hreinsa til í Tampico líka, — taka þann þá, og halda þeir þá allri austurströndinni, viggirða landamærin að norðan og eyðid meðfram Panama-skurðinum, og hafa svo átekt. — Ekki vilja þeir fara í stríð, nema megi til.

Úr því uppreistarforingjarnir ekki hafa samlagð sig Huerta, telja þeir að umskifti verði bráðlega og spektir komist á, þegar hervistirnar þrjátá, því ekki hleypa þeir neinum vopnum inn í landið. Langar Wilson síður en svo til þess, að taka að sér stjórn yfir landinu, enda vrei það ekki gjört kostnaðarlaus. En í lið Mexíkó manna þyrstir engan Bandamann.

Fyrirverandi forseti Wm. H. Taft hefur nýlega haldið ræðu um þessi Mexíkó mál, og teldi honum svo til, ef Bandamenn yrðu tilneyddir, að taka landið herskildi, myndi það kosta þá að minsta kosti \$1,000,000 á dag meðan á stríðinu stæði, og engu minna eftir á, að koma þar á frið, eftir að landið væri tekið. Reiknar hann það eftir því, hvað kostað hefur stríðið og friðargæzlan á Filippínum. Var hann þar landsstjóri um langan tíma, og er honum þetta því kunnugt.

Lét hann það í ljósi, að áskilegast væri, að Bandamenn þyrftu ekki að fara meira út í íllsákir en komið væri í Mexíkó, en ekki kvaðst hann óttast ósigur Bandaríkjanna, í hvað sem færi.

Yfirforingjar Bandaríkjanna hersins þar syðra hafa látið hreinsa upp borgina Vera Cruz. Sendu þeir skip með þá, er féllu og særðust, úr her þeirra, heim aftur, og verða hátt látni hermenn fluttir hver til sinna heimkynna og jarðaðir þar, á kostnað lands og bjóðar. En lík Mexíkó manna létu þeir flytja út fyrir borgina og brenna þar. Heilbrigðis umsjónarmenn hersins hafa skipað þetta hvortveggja. Loftslag er afar heitt þar á ströndinni, og talið, að allra varúðar verði að gæta, ef ekki eiga að koma upp drepsóttir þar í borginni, þar sem svo margt fólk er nú saman komið.

Til herkostnaðar, ef á þari að halda, hefur Congress samþykkt að veita \$55,000,000. En Wilson forseti kvaðst enn ekki þurfa á þeim peningum að halda.

Öll framkoma Bandaríkjanna í þessu máli hefur mælt hið besta fyrir, og þyrkir þeim farest góðgæmlega.

Írsku málin.

Ekki batnar þar ennþá með sam- lyndi um heimastjórnmálið. Nú fyrir helgina hefur ekki á öfru gengið, en lífsaðnaði um alt norð- ur Írland, og hafa þúsundir manna flokkað sig saman í Ulster héraði- nu og hervaðst. Leggjja þeir ekki frá sér vopn daga eða nætur og hafa sér sem staðir þeir í opinu styrjöld. Viggirt hafa þeir ýmsa staði þar í héraðinu, og þrátt fyrir alt bann, safnað að sér ógrynni skotfara. Undanfarna daga hefur regulegt herlaup átt sér stað, og er Englendinum og stjórnsrinn- um öllum farið að getast illa af útlitinu.

Heldur segjast Ulster menn vilja falla á vígvellinum, en láta undan stjórnmáli með eiga sameigin- lega stjóra og þing með hinum öðrum hlutum Írlands. Ekkert hik er þó að sjá á Redmond, foringja heimastjórnmanna, heimtar hann og liðs þau, sem honum fylgja, að haldið sé áfram með heima- stjórnmálið. Aftur letur Asquith stjórnsrinnar lítið til sín heyrna, en þó er áttíð, að hann muni ekki slá undan Ulster búum. Öttast nú margir á Englandi upp- hlaup og stjórnsrýntingu um alt land.

Blasís London Daily Express fer hördum orðum um Asquith og stjórnsrinnar. Segir það, að sakir horki nú við á svíðan hátt og 1775, þegar nýlendur Breta í Ame-

riku söðu sig úr ríkissambandinu Ulster muni taka til vopna, held- ur en láta þröngva kosti sínum, og geti það ekki leitt til nema eins af tvennu, borgarastriðs eða algjörðar úrgöngu Írlands úr brekka ríkinu. Líkir blaðið Asquith við lávarð North, er þröngvaði kosti Bandamanna og ásti þá upp í stríðið, er endaði með sjálfstæði nýlendumanna. Segir blaðið, að annaðhvort verði Asquith, að láta það eftir Ulster búum, að undan- byggja þá heimastjórnmáli Írsku og lola þeim, einnig verði hefur, að eiga sameiginlegt þing með Bret- um dlegar kveikt sé það bál, sem hvorki hann eða aðrir fái slókt nú fyrst um sinn. Því þó ófróðar- urinn þyrji norður í Ulster, sé víða eldfimt, og það á Englandi sjálfu, og fái engir nú spáð um af- leiðingarnar.

Aftur er sagt, að Asquith muni sitja við sinn kep. Telur hann ó- löndandi, að skifta Írlandi svo, að þar séu eiginlega tvær stjórnir í landi.

Dr. Þorbergur Þorvaldsson

skipaður skipaðurprófessor við háskóla Saskatchewan fylkis.

Á fundi, er háskólaráðið hélt í Saskatoon þann 23. þ.m., var Dr. Þorbergur Þorvaldsson skipaður kennari í einafærði við háskólann. Ánk hans voru þessir ráðgir við háskólann: Frank H. Underhill, kennari í grísk og sögu; K. G. McKay, kennari í búfræði (smjör og ostagjörð), og A. Campbell, kennari í lyfjarfræði.

Þorbergur hefur nú um mörg undanfarin ár dvalið við nám og kenslu austur í Bandaríkjunum, við Harvards háskólann, og einnig er lendis. Síðastliðið haust var hon- um veitt undirskennara embætti við Harvards háskólann, er hann sleppir nú, er hann tekur við þessari nýju veitingu.

Þorbergur er fæddur á Ytri Höfðum í Skagafirði 24. ágúst 1883, og er sonur þorvaldar Þorvaldssonar og þuríðar Þorbergs- dóttur frá Dúki í Samundarhlíð, er bjúgva á Rein og sunna í Höfðum. Hann fluttist hingað vest- ur með foreldrum sínum sumarið 1887, og ólst upp hjá þeim við Árnes í Nýja Íslandi, þar sem þau búa. Vorið 1906 útskrifaðist hann af háskóla Manitoba fylkis með hestu einkunn, og hlaut sílfur- verðlauna pening háskólans að auk. Varð hann þá aðstoðarkenn- ari hér við skólann í tvo vetur, en hélt uppi á sama tíma vísindu- rannsóknum við starfstofu háskó- lans. Vorið 1908 tók hann meistara- nafnbót hér. Það haust fór hann austur til Boston í Bandari- kjunum og gekk inn við Har- vard háskólann. Vorið 1911 lauk hann doktors-prófi við háskólann. Doktors-ritgjörð hans var um einafærðislegar rannsóknir, er hann hafði gjört, og hlaut hann mikið lof prófóðmenda. Hefir rit- gjörð þessi verið þýdd þæði á írönsku og þýzku, og þar það sjaldan við, nema mikils þyki um vert, því að jafnvel doktors- ritgjörðir geta verið svo, að ekki bæti þær mikil við þekkingarsjóð samfélagsmanna. Er þeirra þá að litlu getið, eftir að þær eru búnar að gjöra skyldu sína — veita höf- undinum heimild til nafnbótarinn- ar.

Sumarið 1911 hlaut Þorbergur námsstyrk til þess að fara til Evrópu og kynna sér meir til hlýtar kjörgreina sína einafærðina. Var hann fyrri veturinn í Dresden, en síðan árið við einafærðis rann- sóknar stofnun í Liverpool á Eng- landi. Síðastliðið haust kom hann hingað til lands aftur, og hafði

Yfirlit yfir Mexiko styrjöldina.

- 1910
30. maí, Madero sækir móti Diaz um forseta embætti í Mexíkó.
 27. júní, Diaz kosinn.
 20. nóv. Uppreist hafin og Madero tekur Vera Cruz.
 25. nóv. Uppreist hield niður. Madero gjörður útlægur, eignar hans tekur.
 27. nóv. Diaz letur skjóta 500 uppreistarmenn.
 1. des. Diaz leggur af forseta eiðin.
 5. des. Sáttaleitunarnefnd Diazar mistekst að koma á friði.
 17. des. Her Diazar biður ósigur við bæinn La Junta.
- 1911
6. febr. Stjórnarherinn flyr frá Juárez þegar uppreistarmenn setjast um bæinn.
 9. marz. Bandaríkja hersveitir sendar suður á landamæri Texas.
 25. marz. Ráðaneyti Diazar segir af sér.
 28. marz. Diaz velur sér nýtt ráðaneyti.
 5. apríl. Madero talinn hafa sigrað, heimtar að Diaz segi af sér.
 23. apríl. Vopnablið, heitið gríðum.
 25. maí, Grið rofin. Mexíkó borg rænd, af uppr. mönnum.
 26. maí, Diaz segir af sér og flyr daginn eftir.
 3. ágúst. Vasquez-Gomez herforingi rekinn úr bráðabýrgða ráðaneyti uppreistarmanna.
 31. ágúst. Madero kosinn forseti.
 7. des. Reyes myndar uppreisn og heimtar Madero afsettann.
- 1912
12. febr. Vasquez-Gomez gjörður foringi uppreistarliðsins.
 17. oet. Félix Diaz, (bíbúrsonur Diaz forseta) tekur Vera Cruz.
 24. oet. Diaz handtekinn og settur í varðhald.
- 1913
13. jan. Herdeild uppreistarmanna lendir í vopna viðskiftum við Bandari- kja hersveit við Fabus í Texas.
 26. jan. Friður saminn í Mexíkó.
 9. febr. Uppreistarmenn taka vigin í Mexíkóborg og vopna búrið.
 18. febr. Madero forseti grippinn höndum. Huerta letur setja hann í varðhald.
 23. febr. Madero skotin af hersveit Huerta, er hann reyndi að flyja úr varðhaldi. Huerta tekur sér alræðisvald yfir landinu.
 1. marz. Bandaríkin neita að viðurkenna stjórn Huertas. Upphlaup og manndráp. Fylgduður Maderos hefja uppreist. Almennarkosin- ingar í nóv. Huerta letur neyða kjósendur með hervaldi. Telur sig kosinn og heldur ríkisstjórn.
- 1914
2. apríl. Torreon fellur fyrir Villa uppreistarforingja, eftir einnar viku umsátur.
 9. apríl. Bandaríkja hermenn teknir til fanga á Tampico höfn.
 14. apríl. Congress sendir herskipa flota suður.
 19. apríl. Huerta neitar kröfu Bandaríkjanna að sýna Bandaríkja fánanum virðingu í afsökunar skyni fyrir handtöku hermannanna á Tampico höfn.
 20. apríl. Congressi samþykkir að veita Wilson forseta vald til að bjóða út sjó og land hernum.
 21. apríl. Congressið samþykkir \$55,000,000 veitingu til stríðskostnaðar.
 22. apríl. Borgin Vera Cruz tekið af Bandamönnum. Bandamenn missa 17 menn, en her Huerta 127.
 23. apríl. Bandamenn senda 250,000 hermenn suður.
 24. apríl. Sendiherra Bandaríkjanna fer frá Mexíkó til Vera Cruz.

kenslu á hendi við Harvards háskólann í vetur.

Því systkini Þorbergs búa hér vestra — þau einu, sem á lífi eru nú. Guðrún, kona Sigurj. Jónssonar bónda við Árnes, og Sveinn kaup- maður Þorvaldsson við Ísland- ingalljóti, þingmannsefni Conserva- tiva í Gimli kjördæmi.

Þótt flestir vinir Þorbergs hefðu heldur kosið, að hann hefði tekið samskonar stöðu og honum er nú veitt í Saskatoon — hér í bænum við háskóla Manitoba, þá fylgja honum þó hugheilar óskir í hinni nýju stöðu hans, allra vina hans og attingja hér um slóðir.

Eldgos á Ítalíu.

Sú frétt kemur frá Rómaborg þann 24. þ.m., að eldjöllinn miklu Vesúvius og Etna séu byrjuð að elsa. Kom eldur upp í þeim báðum samdegurs, og er það eins dæmi áður. Miklir jarðskjálftar fylgdu bæði á Ítalíu og Sikiley, svo valdið hefur miklu eignatjóni. Er fólk í hættu talið, er býr um hverfis Vesúvius, því jarðskjálftar hafa þar verið meiri. Land er þar afar fagurt og frjósamlegt, svo fólk sækir hangað, hversu sem eldur og óskufall eyfir byggðum annaðslag- ið, því loftslag er þar einnig eitt- hvert hið besta á allri Ítalíu.

Bólan á Gimli.

Frá Gimli er skrifað 24. þ.m.: "Bólan, ekki gjört meira vart við sig enn. Dunn (bjarlæknir) gengur um bæinn hervæddur og vekur mönnum undir. Öðug nokkrum hefur sleið á lífinu, en vonandi, sem öllu eldra fólk er minnstast.

John Buxton.

Maður þessi, er var í sambandi með Percy Hagel og Reid, þeim, sem hjálpuðu Krafchenko til að sleppa úr varðhaldi í vetur, lagði af stað suður til Bandaríkjanna á laugardaginn. Hann snerist móti félögum sínum hér í sakamálinu, og bar vitni á móti þeim, ljóstaði upp öllum þeirra gjörðum og fyrir- írættunum. Fyrir það var honum heitið uppgjöf allra saka. En eftir að málinu lyktaði, þótti hann ekki að hafast við hér í bæ og fékk því leyfi til að fara suður. Harma burtför hans fái, því maðurinn er þorpari.

Kringlur.

"Eg er hreinn" sagði fjóshaugur- inn, "Sjáld oss eplinn!" söguð hrossataðs köglarnir.

Móðurmálskensla. — Þú mátt ekki nefna það freimur en kápólskur maður kjót á föstunni. Þá ærast þeir "Frjálslyndu" og ætla alveg að sleppa sér. "Vér eigum ekkert móð- urnál nema enskuna" segja þeir. "Burt með allt annað úr skólanum" Til forna sagði prestaflokkurinn, — svo hét hann þá — "Vér höfum eng- ann konung nema keisarann." Mikl- ar eru þamfarirnar síðan, nú at- neitar hann sett og tungu. — Eðli- lega, það er svo eritt að standa í stað.

"Enska mamma" hún er ein, og hún er vor móðir!

Al hverju stafaði drykkjaskapurinn fyrrum á Íslandi? Kom hann ekki eftir til vill af því að brennivín fluttist í verzlunirnar út um allt land, og landsmenn tóku það svo út, í kúta og tunnalti og fluttu það heim til sín? Þannig fluttist vín inn á hvert heimili á Íslandi og skapaði hina ægilegu drykkjöld, sem öllu eldra fólk er minnstast.

Þessa meðferð vinsins kenna Liber- alar nú, sem eitt lífsta ráðið við öldrykkjunni. — Það á að afnema staupablu en taka upp kútasölu.

Einu sinni voru tveir betlarar í bæ nokkrum í Norður Ameríku. Annar þeirra var kripplingur og komst ekki lengd sína, hinn var blindur og gat því heldur ekki ferðast um. Gjörðu þeir þá sam- ing sín á milli. Sá kreppti sagðist skyldi ljá þeim blinda augun ef sá blindi vildi ljá sér fæturnar. Báðir voru fúsir að hafa þessi skifti, en vissu ekki hvernig þeir gátu gjört það. Einn dag var övenju hvas- veður, þyrjaði stormurinn upp moldrykinu af götunni og lausu blaða rusli er kastað hafði verið út. Lágu betlararnir þar fram með götunni og vildu fegnir hafa getað dregið sig skjól, en annar var blind- ur en hinn var krepptur og áttu þess því engan kost. Í einum byln- um feykti blaði til þeirra. Tók kripplingurinn það og horfði í það um stund. Eftir nokkur augna- blik fleygir hann því aftur út í vindinn og segir við félagan sinn: "Það er illur vindur sem engum blæs í hag." nú var mér send ráð- ing gátunnar hvernig eg fék léd þér augu og þú mér fætur. Það segir frá því í þessu blaði er hingað feykti til okkar að myndast hafi nú ný- skeð samband milli stórkaupmanna er verzlá með áfengi, og stjórnmála- flokks er nefnir sig Liberalar. Skal ég nú, segir sá kreppti leika vinsal- ana, en þú stjórnmálaflokkinn, sett ég á bak þér en þú gengur undir mér. Ræð ég svo ferðum, en ávalt mun ég vísa þér létustu leiðina. Þetta þótti hinum þjóðráð.

Fer sá kreppti nú á bak hinum og halda þeir svo á stað. En af því báðir áttu hvergi heima og ekkert erindi við menn, höfðu þeir engan áfanga stað og eru því á lallinu enn.

Mikil tíðindi og ill.

Seattle, 25. apríl 1914.

Í gærkveldi var dóttir þeirra Þorgr. Arnþjórssonar trésmíða- meistara og konu hans Solveigar skotin til bana. Hún hét Axelina, var 26 ára að aldri og hafði fyrir skömmu gift Boyd T. Reid, her- lendum manni, og var hann spor- vagnstjóri. Axelina heitin var heima hjá foreldrum sínum, er maður hennar kom þar heim að húsinu kl. 11 í gærkveldi. Sá hann konu sína gegnum gluggann og skaut hana í hjartastað. Féll hún til fóta foreldrum sínum, og var þegar önduð. Í sömu andrúmi heyrðist annað skot, og þaut hr. Arnþjórssonar út og íann Reid fljóttandi í blóði sínu og meðvit, undarlausan á gangstettinni. Voru þá fleiri nágarnnar komnir þar að, er skotin höfðu heyr, og var Reid borinn inn til tengdforeldra sinna. Læknir kom innan stundar, og kvað konuna hafa dáið samstund- is, og mannum nauðast líf hug- andi, enda var hann örendur eftir fjórar klukkustundir.

Hefir öðug miklum slegið á oss alla, Íslendinga hér, því slík vasa- verk eru fagat meðal vor, svo er guði þakkandi.

Um manninn, sem verkið framdi, er mér ekki kunnugt að neinu ráði. En konan hans, sem hann skaut, var frábærlega emleg, myndarleg og sérstaklega vinsæl, svo sem hún átti kyn til, því for- eldrar hennar eru einnig mjög vin- sæl og mikils metin, bæði af oss löndunum og annara þjóða mönn- um. Þeir eru aði margir, er taka innlegan þátt í sorg þeirra, og enginn til sáráuka yfir þessum hroða-glep, sem mena vita ekki hvaða ástæður lágu til.

Sigurður Magnússon.